Nd. **79. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson og Jón A. Jónsson.

Aftan við 2. gr. B. 4. komi:

5. Vestfjarðavegur frá Hnífsdal um Eyrarhlíð, Dagverðardal, Breiðdalsheiði að Veðrará við Önundarfjörð, um Bjarnardal og Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð, frá Þingeyri að Rafnseyri við Arnarfjörð og frá Bíldudal um Kleifaheiði að Þorskafirði.

Greinargerð.

Frumvörp svipuð þessu hafa þráfaldlega verið borin fram á Alþingi, en aldrei náð samþykki. Því meira sem gert er að vegagerð fyrir ríkisfje i öðrum landsfjórðungum, þess berara verður misrjetti það, sem Vestfirðir hafa verið beittir í þessum efnum.